



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 13. desember 2022
MÍ202212-0038/ 6.09 / S.G.

Umsögn Minjastofnunar um deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík, Norðurþingi.

Með tölvupósti sendum 6. desember 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Norðurhafnar á Húsavík. Meðfylgjandi var skipulagsbreyting og greinargerð dagsett 11. nóvember 2022.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Til er fornleifaskráning fyrir Húsavík sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning á Húsavík*. Fornleifastofnun Íslands 2002 FS166-01171. Ofangreind skráning gefur góða mynd af minjum á svæðinu en uppfyllir ekki staðla um fornleifaskráningu. Engar minjar eru skráðar innan skipulagssvæðisins og svæðið er allt raskað.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á skipulagi.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is